

**Bókun á 1546. flugráðsfundi 25. mars 2009
vegna tilskipunar ESB um losunarheimildir CO₂.**

Flugráð ítrekar og telur afar brýnt að reynt verði til þrautar að ná fram undanþágum á grundvelli tillagna sem stýrihópur um losunarheimildir í flugi lagði fram í minnisblaði til samgönguráðherra 9. september 2008 að viðbætti tillögu um undanþágu vegna millilendingar á Íslandi í flugi yfir Evrópu vegna tæknilegra ástæðna.

Í stýrihópnum voru fulltrúar samgönguráðuneytis, utanríkisráðuneytis, umhverfisráðuneytis og Flugmálastjórnar Íslands.

Mikilvægt er að samningsmarkmiðin liggi skýr fyrir hið fyrsta og þar verði í forgangi krafan um að íslenskt innanlandsflug verði undanþegið kerfinu.

Ljóst er að gildistaka tilskipunarinnar er eftir 9 mánuði þegar flugrekendur hefja söfnun reynslu sem gefur aðgang að takmörkuðum sjóði ókeypis heimilda. Hætt er við, að samningsstaðan gagnvart ESB veikist ef tíminn er ekki nýttur vel og íslenskum kröfum um undanþágur verði vísað frá eða ná ekki fram vegna tímaþrots.

Flugráð mælist til að geta fylgst með framvindu málsins og samningaviðræðum við ESB.